



## Skýrsla stjórnar svæðisstjórnar 2023-2024

**Starfsár svæðisstjórnar er frá síðasta aðalfundi sem haldin var 13. apríl 2023 til 2. maí 2024.**  
Eftir aðalfund skipaði stjórn með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Steinar Hermannsson kjörinn formaður  
Rebekka Sif Gunnarsdóttir varaformaður  
Atli Már Hreggviösson gjaldkeri  
Erla Jóhannsdóttir ritari  
Daniel Máni Davíðsson meðstjórnandi  
Steingrímur Jónsson og Þorvaldur Guðmundsson varamenn

Á tímabilinu hefur stjórn svæðisstjórnar haldið 8 fundi í húsum eininga á svæði 3 og hafa fundargerðir verið aðgengilegar öllum svæðisstjórnarmönnum í gegnum Facebook-síðu svæðisstjórnar, ásamt því að hafa verið sendar á landsstjórn. Þessir fundir hafa ekki aðeins verið mikilvægir fyrir stjórnarstörf, heldur hafa þeir einnig opnað dyrnar fyrir félagsmenn, þar sem þeim var boðið að koma í heimsókn og kynnast betur starfsemi og aðstöðu eininganna. Þessi nálgun hefur styrkt tengsl stjórnar og félagsmanna við einingar svæðisins og veitt gott tækifæri til að skapa samtal og betri þekkingu svæðisstjórnarmanna á einingum svæðisins.



I upphafi tímabilsins setti stjórin sér það markmið að halda nákvæma skrá yfir vinnustundir. Þrátt fyrir þennan ásetning, virðist sem framkvæmdin hafi ekki verið eins markviss og ætlað var. Skráðar vinnustundir utan útkalla eru um 300 klukkustundir. Hins vegar ef tekið er tillit til þess tíma sem ekki hefur verið skráður formlega, er mögulegt að raunverulegar vinnustundir stjórnar sé allt að tvöfaldur sá tími og mögulega meiri. Ef þetta ar sett í samhengi við 40 tíma vinnuviku jafngildir vinna stjórnar svæðisstjórnar rúmlega 30 prósent starfshlutfalls á árs grundvelli.





Hvað aðra fundi á tímabilinu varðar má meðal annars nefna fund sem haldinn var með lögreglunni á Suðurlandi þar sem kynnt voru drög að nýjum viðbragðsáætlunum. Þá var einnig haldinn óformlegur rýnifundur þar sem farið var yfir ýmsar aðgerðir. Rýnifundur var haldinn vegna aðgerða í Grindavík sem hófust 10. nóvember, þar sem farið var yfir framkvæmd og árangur. Á sama tíma var haldinn rýnifundur vegna týnds einstaklings í sprungu í Grindavík og var fundargerðum komið til landsstjórnar og fulltrúa í almannavamaðeild ríkislöggreglustjóra.





Formaður hefur einnig tekið þátt í fundum með stjórnendum viðbragðsaðila, þar sem rædd voru helstu samstarfsmál. Á þessum fundum var lögð áhersla á að efla samskipti og samvinnu milli viðbragðsaðila á svæðinu. Þar var farið yfir upplýsingaflæði og samhæfingu aðgerða í neyðartilvikum svo eitthvað sé nefnt. Þessir fundir eru mikilvægir til að tryggja að allir viðbragðsaðilar vinni sem ein heild í þágu öryggis og velferðar í samfélagit. Formaður hefur einnig verið áheyrnafulltrúi í samráðsfundum slökkviliðsins, ríkislöggreglustjóra, landsstjórnar SL og þeirra eininga á svæðinu sem eru með dróna. Markmið þessara funda var að samnýta drónabjargir í útköllum þar sem viðbragðsaðilar þurfa á góðri yfirsýn úr lofti að halda á vettvangi og drónahópar á svæðinu hafa í kjölfarið farið á æfingar með Brunavörnum Ánessýslu og verið boðaðir í útkall vegna sinuelds í Tjarnabyggð.


Stjórn svæðisstjórnar hefur átt í nánum samskiptum við stjórnendur Brunavarna Ánessýslu vegna breytinga sem hafa átt sér stað innanhúss í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi. Þessar breytingar fela í sér færslu á aðgerðarstjórnstöð almannavarna og umræður um aðstöðumál svæðisstjórnar innan Björgunarmiðstöðvarinnar. Brunavarnir hafa alfarið séð um kostnað og framkvæmd þessara breytinga, og við erum þeim ævinlega þakklát fyrir hversu liðlegir og hliðhollir stjórnendur Brunavarna eru ávallt við svæðisstjórn á svæði 3. Þrátt fyrir að einhverjar svartsýnar raddir hafi heyrst innan svæðisstjórnar í gegnum þetta ferli hafa samskipti við Brunavarnir verið á besta mögulega máta og aðstöðumál svæðisstjórnar eru á góðum stað. Þessi jákvæðu samskipti endurspeglar vilja og getu allra aðila til að vinna saman að sameiginlegum markmiðum og tryggja öryggi íbúa svæðisins sem og utan svæðis.



Svæðisstjórn björgunarsveita í Ánessýslu, svæði 3. Árvegur 1, 800 Selfoss.  
Vefpóstur: [ss3@ss3.is](mailto:ss3@ss3.is), útkallssími: 861-6100, kt. 411188-1149



Ritari svæðisstjórnar hefur á starfsárinu í samstarfi við nokkra af formönnum efri sveita svæðis 3 leitt mögulegt samstarf milli björgunarsveita og aðal ferðaþjónustuaðila á hálendi Árnessýslu. Markmiðið hefur verið að reyna að fá þessa aðila að borðinu til þess að huga að eigin áætlunum ef eitthvað kemur upp á og reyna að þróa aðgerðaráætlun með þessum aðilum sem inniheldur mögulegt Tetra fjarskiptaplan, lista yfir hugsanlegar bjargir sem þessir aðilar á svæðinu hafa og tengiliðalista ferðaþjónustuaðilana. Nýlega hefur verið bætt við möguleikanum á að setja inn staðlað sniðmáti fyrir slíkar áætlanir í aðgerðargrunninn sem gæti gert helstu upplýsingar aðgengilegar fyrir aðgerðastjórnendur strax við upphaf aðgerða vegna slysa eða leitar á hálendinu. Þá hefur fólkssjöldi á hálendi Árnessýslu einnig aukist verulega vegna nýrra hótela í Kerlingarfjöllum sem undirstrikar enn frekar þörfina fyrir vel skipulagða aðgerðaráætlun.



Umraeður um endurnýjun svæðisstjórmamanna og innleiðingu á Móttökuáætlun nýrra svæðisstjórnarmann hafa verið á dagskrá stjórnar á tímabilinu. Ritari svæðisstjórnar hefur tekið virkan þátt í þessum umræðum og lagt fram tillögur að breytingum ásamt því að þróa frá grunni þessa Móttökuáætlun nýliða. Markmiðið er að styrkja grunninn og tryggja að nýir meðlimir fái þá þjálfun og stuðning sem þarf til að verða virkir og árangursríkir þátttakendur í starfi svæðisstjórnarinnar og það er einlæg ósk fráfarandi formanns og stjórnar að þessari vinnu verði haldið áfram og ýtt úr vör á komandi tímabili.



Fimm fulltrúar frá okkar svæði sóttu Aðgerðarstjómunar ráðstefnu Landsbjargar, sem haldin var á Smyrlabjörgum síðustu helgina í mars. Þátttaka okkar á þessari ráðstefnu er ekki aðeins mikillvæg fyrir faglega þróun og skilning á nýjustu aðferðum í björgunarstarfi, heldur einnig til að styrkja félagsleg tengsl innan okkar raða. Það að mæta á slíka viðburði veitir okkur tækifæri til að deila reynslu, læra hver af öðrum og byggja upp samstöðu sem er ómetanleg þegar kemur að því að takast á við áskoranir í aðgerðum. Þessi samvera og samvinna eru grundvallarþættir í að viðhalda og efla gæði og árangur í því lífsbjargandi starfi sem við sinnum.



Á tímabilinu var fjárfest í 2 nýjum borðtölvum til þess að leysa af gamlar tölvur í AST og herbergi svæðisstjórnar. Einnig voru keyptir ýmsir aukahlutir fyrir Tetra handstöðvar sem svæðisstjórnar menn á bakvöktum hafa.




Svæðisstjórn björgunarsveita í Árnessýslu, svæði 3, Árvegur 1, 800 Selfoss.  
Vefpóstur: [ss3@ss3.is](mailto:ss3@ss3.is), útkallssími: 861-6100, kt. 411188-1149



Á árinu hafa aðgerðir, að undanskildum aðgerðum viðbragðshópsins á Flúðum, verið 69 talsins samkvæmt aðgerðargrunni. Þessar aðgerðir flokkast svo;

- F1 voru 8 talsins
- F2 voru 27 talsins
- F3 voru 33 talsins
- og eitt með óskráðan forgang

Dreyfing forgangs á starfsárinu



Í heildina eru einstaklingar úr svæðisstjórn 3 skráð í 75 aðgerðir á landinu og eru þá eldsumbrötin á Reykjanesi atkvæðamestar utan svæðis.




Svæðisstjórn björgunarsveita í Árnessýslu, svæði 3. Árvegur 1, 800 Selfoss.  
Vefpóstur: [ss3@ss3.is](mailto:ss3@ss3.is), útkallssími: 861-6100, kt. 411188-1149



Það er áhugavert að skoða tölfræði í aðgerðum sveitanna á svæði 3 á þessu ári. Ef skoðað er til dæmis hvaða tæki hafa verið oftast skráð inn í aðgerðargrunninn á árinu má fljótlega sjá að það eru minni bílar "lágsvitanna", fjórhjól, sexhjól og drónar sem eru oftar skráð í aðgerð á meðan stærri bíla, snjóbílar og vélsléðar hafa verið skráð í færri aðgerðir. Ýmsar ástæður eru sjálfsagt fyrir því að útköll á hálandinu hafa ekki verið fleiri á þessu starfsári þrátt fyrir að gera mætti ráð fyrir mikill aukningu ferðamanna á svæðinu eftir að aðstaðan í Kerlingarfjöllum opnaði. Ein mögulega skýring fyrir því að sú aukningu sjáist ekki í auknum útköllum gæti falist í því samtali sem var hér áður nefnt á milli björgunarsveita og ferðapjónustuaðila.

Skáð tæki í útköllum




Virkni manna í svæðisstjórn er mismunandi en alls eru skráðir í aðgerðir á tímabilinu 20 einstaklingar úr svæðisstjórn og sést það þegar fjöldi aðgerða er skoðaður að þá eru 4 einstaklingar sem eru skráðir í um það bil helming allara aðgerða svæðisstjórnar og 8 einstaklingar sem skráðir eru í tæplega þrjá fjórðu af heildar útköllum svæðisstjórnar. Meðaltals fjöldi útkalla þeirra sem skráðir eru í aðgerðargrunni eru 7,2 útköll. Það er ekki þar með sagt að sagan sé heldur öll sögð en erfitt er að kalla fram einhverja tölfræði um aðra virkni þeirra sem eru í svæðisstjórn, eins og virkni í umræðum á Facebook-síðu og spjalli svæðisstjórnarinnar og þátttöku í fundum og heimsóknum, en það er að sjálfssögðu líka tekið eftir því það er ekki síður mikilvægur sá þáttur í okkar starfi sem er félagslegi þátturinn.

Svæðisstjórn björgunarsveita í Árnessýslu, svæði 3. Árvegur 1, 800 Selfoss.  
Vefpóstur: [ss3@ss3.is](mailto:ss3@ss3.is), útkallssími: 861-6100, kt. 411188-1149



### Svæðisstjórmarmenn í útköllum



Nafn	fjöldi	Nafn	fjöldi
Erla Jóhannsdóttir	25	Atli Már Hreggviðsson	5
Steinar Hermannsson	21	Haraldur Helgi Hólmfríðarson	5
Rebekka Sif Gunnþórssdóttir	16	Guðlaugur Agnar Valsson	4
Haraldur Þór Vilhjálmsson	14	Daniel Máni Davíðsson	3
Ægir Guðjónsson	13	Steinar Már Steinarsson	3
Elín Bergsdóttir	9	Sesselja Sólveig Birgisdóttir	2
Bjarki Þór Sævarsson	7	Steingrímur Jónsson	2
Viðar Arason	7	Ármann Ingi Sigurðsson	1
Eyþór Sigurðsson	6	Gunnar Ingi Widnes Friðriksson	1
Jókull Fannar Helgason	6	Una Guðrún Gautadóttir	1
		Valur Pálmi Valsson	1

Svæðisstjórn björgunarsveita í Árnessýslu, svæði 3. Árvegur 1, 800 Selfoss.  
Vefpóstur: [ss3@ss3.is](mailto:ss3@ss3.is), útkallssími: 861-6100, kt. 411188-1149



Fráfarandi stjórn telur að við göngum frá góðu búi, virkni stjórnar hefur verið áberandi þannig að tekið hefur verið eftir á víðum grundvelli. Þó að stundum hafi verið gagnrýnt hversu oft við fundum, þá var það meðvituð ákvörðun í upphafi tímabilsins að temja okkur góða starfs- og stjórnarhætti og tryggja að allt væri gert til að viðhalda vel starfhæfri svæðisstjón sem við getum verið stolt af. Við trúum því að betra hafi verið að funda oftar en sjaldnar, til að tryggja að engin tækifær til umbóta eða samvinnu svæðisstjórnar og annara viðbragðsaðila færi frá okkur. Eins og einhver sagði, "það er á friðartínum sem það hentar best að undirbúa sig fyrir stríð".

Fráfarandi stjórn bakkar fyrir sig og við óskum komandi stjórn alls hins besta og enn meiri meðbyrs í þeirra starfi. Við hvetjum þau til að halda áfram að sinna svæðisstjórn af fullum krafti, að gefa ekki eftir í því að tryggja að svæðisstjórn á svæði 3 haldi áfram að vera meðal þeirra framstu innan raða svæðisstjórnar Landsbjargar og halda áfram að viðhalda því góða samstarfi og hliðhollustu allra viðbragðsaðila á svæðinu. Það er okkar von að ný stjórn muni byggja á þessum grunni og halda áfram að þroa og styrkja samstarfið á svæðinu, allt í þágu öryggis og velferðar almennings.

Fyrir hönd svæðisstjórnar 2023-2024

Takk fyrir.

Svæðisstjórn björgunarsveita í Árnessýslu, svæði 3. Árvegur 1, 800 Selfoss.  
Vefpóstur: [ss3@ss3.is](mailto:ss3@ss3.is), útkallssími: 861-6100, kt. 411188-1149